

TILKYNNING

nr. 4/1998 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun um flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum sem hér segir frá og með 1. desember 1998 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	0,80 kr. á lítra
gasolía	0,90 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,75 kr. á kg
flugvélabensín	0,05 kr. á lítra
flugsteinolía (þotuelsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 27. nóvember 1998.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um rannsóknarnefnd umferðarslysa.

1. gr.

Nafn og aðsetur.

Nefndin heitir rannsóknarnefnd umferðarslysa og hefur hún aðsetur á skrifstofu Umferðarráðs í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk og markmið.

Hlutverk nefndarinnar er að rannsaka umferðarslys og starfar hún sjálfstætt og óháð öðrum stjórnvöldum og rannsóknaraðilum. Rannsóknir hennar skulu miða að því einu að koma í veg fyrir að sams konar umferðarslys verði aftur og stuðla að því að umferðaröryggi megi aukast. Nefndin skal gera tillögur til úrbóta um umferðaröryggi til viðeigandi stjórnvalda, eftir því sem rannsóknir á orsökum umferðarslysa gefa tilefni til.

3. gr.

Nefndarmenn og starfsmenn.

Nefndarmenn skulu vera þrír. Dómsmálaráðherra skipar nefndarmenn og varamenn þeirra til fjögurra ára í senn. Hann skipar einnig formann og varaformann nefndarinnar. Um þóknun vegna starfa nefndarmanna fer eftir ákvörðun dómsmálaráðuneytisins.